

Fundur þann 6. október 2009 kl. 20:00-21:00.

Fundarmenn: Þorgeir, Helga og Inga.

Efni fundarins:

- Matarmál. Rætt um óánægju með hátt verð per máltíð samanborið við önnur sveitarfélög landsins og litla sem enga niðurgreiðslu af hálfu Garðabæjar. Minnst var á gæði matarins og að æ fleiri börn óski eftir því að hætta í áskrift. Ákveðið að taka þessi mál upp á bekkjafulltrúafundi og heyra álit foreldra/ forráðamanna.
- Styrkjur til foreldrafélagsins. Ákveðið að senda tilkynningu á foreldra/ forráðamenn um innheimtu styrksins en það er frekar lág staða sjóðsins en hún nemur bara um 20.000 við upphaf skólaárs 2009-2010. Komist var að niðurstöðu að best væri að senda póst á alla sem málið varðar og biðja um að leggja inn á reikning félagsins í stað þess að borga fyrir að senda giróseðla eða birta rafrænt í heimabanka foreldra/ forráðamanna. Þörf á að eiga sjóð til að geta staðið í laufabrauðbakstri og útgjöldum sem tengjast skemmtunum eins og jólasveinum sem er árlegur viðburður í skólanum. Rætt um hversu há upphæð það ætti að vera.
- Fyrirhugaður bekkjafulltrúafundur. Farið yfir starfsreglur bekkjafulltrúa og rætt stuttlega efni fundarins sem á að boða í næstu viku, hugsanlegir fundargestir.
- Reykjaferðin hjá 7. bekk. Helga upplýsir um stöðu mála og frekari aðgerðir á vegum foreldra. Ákveðið að ræða þessi mál ítarlegar á bekkjafulltrúafundi og leggja línur um framhald í því sambandi.
- Myndatakan í haust. Inga tilkynnti að hún hefði fengið gott tilboð frá ljósmyndastofunni Barna og fjölskyldu ljósmyndir. Ákveðið að taka því tilboði og fyrirhugaðar myndatökur verða tímasettar í samráði við ljósmyndarann og skólastjóra. Fram kom vilji að það yrði gert í nóvember þar sem margir myndu nýta sér ljósmyndir í jólagjafa tilgangi.